

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026 11.6.2022

Árið 2022, laugardaginn 11. júní 2022 kl. 11:00, var haldinn fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Jónas Ólafur Skúlason, Yordan Slavov Yordanov, Aníta Björk Pálínudóttir og Kristján Rúnar Kristjánsson.

Bragi Þór Thoroddsen starfandi sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Settur fundarstjóri er Kristján Rúnar Kristjánsson og bauð fundarstjóri fundinum að ganga til dagskrár. Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skipan sveitarstjórnar – oddvitakjör ofl.

Borin fram tillaga um að Kristján Rúnar Kristjánsson yrði fyrsti oddviti sveitarstjórnar til eins árs. Samþykkt samhljóða.

Fram kom tillaga um að Jónas Ólafur Skúlason yrði varaoddviti og var það samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn leggur til að fundartími reglulegra funda sveitarstjórnar verði kl. 9:00 annan föstudag hvers mánaðar og aukafundir þegar þörf krefur.

2. Skipan í nefndir Súðavíkurhrepps fyrir kjörtímabilið 2022-2026.

Í eftirfarandi nefndir eru skipaðir fulltrúar Súðavíkurhrepps:

• **Atvinnu- og landbúnaðarnefnd:**

Aðalmenn: Yordan Slavov Yordanov, Jóhanna R. Kristjánsdóttir, Aðalsteinn L. Valdimarsson, Arthúr Rúnar Guðmundsson og Eiríkur Valgeir Scott.

Varamenn: Anne Berit Vikse og Sigurdís Samúelsdóttir.

• **Barnavernd:** Fulltrúi barnaverndar verði Dagbjört S. Hjaltadóttir.

Varamaður verði Lilja Ósk Þórisdóttir.

• **Búfjáreftirlitsnefnd** sameiginleg með Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað, fulltrúi

Súðavíkurhrepps verði: Aðalmaður: Aðalsteinn L. Valdimarsson.

Varamaður verði Guðmundur Magnús Halldórsson.

• **Fræðslu, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd:**

Aðalmenn verði: Aníta Björk Pálínudóttir, Salbjörg Sigurðardóttir, Selma Guðmundsdóttir, Stella Guðmundsdóttir og Thorsteinn Haukur Thorsteinsson.

Varamaður verði: Oddný Bergsdóttir og Lilja Ósk Þórisdóttir.

• **Yfirkjörstjórn Súðavíkurhrepps:**

Lilja Ósk Þórisdóttir, Salbjörg Sigurðardóttir og Snorri G. Bergsson.

Varamenn: Jónína M. Guðmundsdóttir og Anna Karen Kristjánsdóttir.

Súðavíkurkjörstjórn: Aðalmenn: Hulda Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ásdís Björnsdóttir og Guðmundur Birgir Ragnarsson.

Varamenn: Helga Samúelsdóttir og Jóhanna Ólöf Rúnarsdóttir.

• **Kjörstjórn Reykjaness:**

Aðalmenn verða: Stella Guðmundsdóttir, Jóhanna R. Kristjánsdóttir og Aðalsteinn L. Valdimarsson.

Varamenn: Gísli Pálmason og Stefán Sigmundsson.

- **Sameinuð Almanna- og Bolungarvíkurkaupstaðarnefnd**
Fulltrúi sem sveitarstjóri: Bragi Þór Thoroddsen og Anna Lind Ragnarsdóttir til vara.
- **Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd:**
Aðalmenn: Bragi Þór Thoroddsen, Eiríkur Valgeir Scott, Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir og Kjartan Geir Karlsson.
Varamenn: Yordan Slavov Yordanov og Sigurdís Samúelsdóttir.
- **Fulltrúi Súðavíkurhrepps í velferðarþjónustu** samkvæmt þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ:
Fulltrúi: Aníta Björk Pálínudóttir.

3. Umsagnarmál og mál til kynningar.

Umsagnarmál frá nefndarsviði alþingis lögð fram til kynningar. Ekki umsögn í nafni Súðavíkurhrepps vegna umsagnarmála.

4. Erindi frá Vestfjarðastofu vegna ársfundar og Fjórðungspings Vestfiríðinga að vori.


Sveitarstjóri ásamt kjörnum fulltrúa munu mæta til ársfundar og á Fjórðungspingið.



Sveitarstjórn ákveður að fela Braga Þór Thoroddsen að starfa áfram sem sveitarstjóri til aukafundar sveitarstjórnar þann 24. júní 2022, en ráðningarsamningi hans við Súðavíkurhrepp lauk 1. maí 2022.

Bragi Þór Thoroddsen greiddi ekki atkvæði við þennan lið. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Oddvita og sveitarstjórn verði falið að gera við hann ráðningarsamning til loka kjörtímabilsins.

Ákveðið er að næsti fundur sveitarstjórnar verði sem fyrr segir aukafundur þann 24. júní 2022 kl. 9:00 í Álftaveri – Grundarstræti 1. þar sem gengið verður frá ráðningarsamningi við sveitarstjóra. Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:20


Bragi Þór Thoroddsen


Jónas Ólafur Skúlason

Yordan Slavov Yordanov

Aníta Björk Pálínudóttir



Kristján Rúnar Kristjánsson

